



LEB

Landssamband eldri borgara

Frá félags- og jafnréttismálaráðherra

Alþingi

Nefndasvið

Austurstræti 8-12

150 Reykjavík

Garði 20. desember 2018

Umsögn um: Tillaga til þingsályktunar

um áætlun fyrir árin 2019–2022 um aðgerðir gegn ofbeldi og afleiðingum þess.

Þingskjal 550 - 409.mál.

Landssamband eldri borgara fagnar þessar tillögu til þingsályktunar gegn ofbeldi og afleiðingum þess.

LEB telur frumvarið mjög yfirgripsmikið og tekur á mörgum málum hvað varðar fræðslu og forvarnir. Ofbeldi í öllum sínum myndum er að líkindum mun stærra og meir en við gerum okkur grein fyrir. Frumvarið setur einnig fram mjög yfirgripsmikla aðgerðaráætlun ásamt áætluðum kostnaði.

Sérstaklega ber að fagna því að rætt er um nauðsyn vitundarvakningar í þjóðfélaginu gegn haturtali. Þetta er nausynlegt sérílagi hvað varðar alla samfélagsmiðlana.

Við þurfum svo sannarlega þjóðaráttak hvað varðar einelti og ofbeldi.

Þessi mál hafa verið rædd hjá Landssambandi eldri borgara, þar sem það er staðreynd að ofbeldi og einelti á sér stað á eldri borgurum landsins. Það er því nauðsynlegt að taka sérstaklega fyrir hagsmunagæslu aldraðra þegar grunur er um að þar sé beitt ofbeldi.

LEB leggur áherslu á að allar rannsóknir á ofbeldi og einelti á eldri borgurum svo og tillögur til úrbóta séu gerðar í góðu samstarfi við forystu LEB.

LEB fagnar sérstaklega þeirri áherslu sem lögð er á að fræðsla nái til allra líka aldraðra og fólks af erlendum uppruna. En aldraðir þolendur ofbeldis og ekki síður aldraðir þolendur ofbeldis af erlendum uppruna eru í mjög viðkvæmri og erfiðri stöðu. Á sama hátt fagnar LEB því að í fræðslu til réttarvörslukerfisins skuli aldraðir og þar með aldraðir innflytjendur vera sérstaklega tilgreindir.

LEB leggur svo áherslu á að unnið sé náíð með þeim aðilum sem best þekkja til ofbeldis og afleiðinga þess og vill þar nefna Kvennaathvarfið sérstaklega sem hefur nú tæplega 40 ára reynslu af vinnu með kvenkyns þolendum ofbeldis.

Með vinsemd og virðingu

Sigurður Jónsson

Varaformaður LEB